

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar ákvarðar og innheimtir sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Grindavíkurbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð í Grindavík og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Sorpgjald er í samræmi við rúmmál þeirra sorpílata sem eru við heimili og er sem hér segir:

<i>Stærð sorpílata</i>	<i>Úrgangsflokkur</i>	<i>Sorpgjald á ári, kr.</i>
140 lítrar	Lífrænt	8.400
240 lítrar	Almennt/lífrænt, tvískipt tunna	34.560
240 lítrar	Almennt sorp	48.000
240 lítrar	Pappír	8.400
240 lítrar	Plast	8.400
660 lítrar	Almennt sorp	132.000
660 lítrar	Pappír	23.100
660 lítrar	Plast	23.100

4. gr.

Fast gjald á hverja íbúðareiningu er kr. 18.000 til innheimtu á allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins.

5. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar er heimilt, samkvæmt gjaldskrá þessari, að leggja gjöld fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar 28. nóvember 2023, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast gildi 1. janúar 2024.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Grindavíkurbæ, nr. 608/2023.

Grindavík, 1. desember 2023.

Fannar Jónasson bæjarstjóri.